

## Veiðivottorð

Til að keyra veiðivottorðakerfið þarf viðkomandi vél að uppfylla tvö skilyrði.

1. Java þarf að vera sett upp á vélinni (<http://java.com>).
2. Vélin þarf að geta átt samskipti við þjóninn **jminor.fiskistofa.is** á portunum **3334** og **1097**.  
Athugið að þetta er eingöngu vandamál ef lokað er á ytri samskipti í eldvegg, kerfið birtir þá "Connection refused" villu við ræsingu.

Kerfið er keyrt upp í gegnum vafra, hlekkurinn er eftirfarandi:

<http://java.fiskistofa.is/veidivottord/veidivottord.jnlp>

Einnig er hægt að búa til .bat skrá með eftirfarandi línu:

javaws <http://java.fiskistofa.is/veidivottord/veidivottord.jnlp>

sem flýtleið til að keyra kerfið upp framhjá vafra.

**Notandinn skráir sig inn með sama notendanafni og lykilorði og í eldra veiðivottorðakerfi.**

Við ræsingu birtist eftirfarandi gluggi:

Veidiðvottorð 0.1.9

Skrá Hjálp

Skrá vottorð Vistuð vottorð

Nýtt Vista Staðfesta Afrita Vista PDF

Grunnupplýsingar

Tilvísunarnúmer Pyngdareining Númer vottorðs Staða

Flutningsskip Gámanúmer Flugnúmer Farmbréfsnúmer

Nafn útflytjanda Nafn móttakanda

Bryndís Vigfúsdóttir

Heimili útflytjanda Heimili móttakanda

Iceland

Vörur

Tollskrár... Tegund Nánari lýsing Vinnsla Pakkningar Fjöldi Nettóþyngd

Tollskrárnúmer	Tegund	Nánari lýsing	Vinnsla	Pakkningar	Fjöldi	Nettóþyngd
----------------	--------	---------------	---------	------------	--------	------------

Landanir

Tegund Löndunardagur Skip nr. Eldisfiskur

Tegund	Löndunardagur	Skip nr.	Seljandi kt.
--------	---------------	----------	--------------

Til að fara á milli innsláttarreita er hægt að nota bæði **Tab** og **Enter**.

Hnapparnir efst eru eftirfarandi:

1. **Nýtt.** Upplýsingarnar eru hreinsaðar og forritið tilbúið til að slá inn nýtt vottorð. Það er ekki beðið um staðfestingu frá notanda um að gögn séu hreinsuð, svo farið varlega.
2. **Vista.** Upplýsingar sem skráðar hafa verið inn eru vistaðar.
3. **Staðfesta.** Þegar notandinn er viss um að allar skráðar upplýsingar séu réttar þá getur hann staðfest vottorðið. Við staðfestingu er vottorðinu úthlutað númeri. Ekki er hægt að breyta vottorði eftir að það hefur verið staðfest.
4. **Afrita.** Þessi aðgerð er gerð þegar notandinn er að nota svipaðar upplýsingar, t.d. útflutningur til sama móttakanda.

5. **Vista PDF.** PDF skjal er vistað, athugið að þessi aðgerð tekur þónokkurn tíma, a.m.k. 10 sek. og uppundir mínútu fyrir stór vottorð. Hægt er að velja um vottorð fyrir Evrópu eða Bandaríkin.
6. **Senda XML.** Birtist eingöngu hjá þeim sem hafa sótt um að geta sent inn veiðivottorð á XML formi.

**2**

Skrá vottorð    Vistuð vottorð

Nýtt    **Vista**    Staðfesta    Afrita    Vista PDF

**Grunnupplýsingar**

Tilvísunarnúmer    Þyngdareining    Númer vottorðs    Staða

Flutningsskip    Gámanúmer    Flugnúmer    Farmbréfsnúmer

Nafn útflytjanda    Nafn móttakanda

Heimili útflytjanda    Heimili móttakanda

**1**

1. Byrjað er á að fylla út grunnupplýsingar vottorðsins. Annaðhvort er um útflutning með skipi eða í flugi að ræða þannig að kerfið kemur í veg fyrir að hvort tveggja sé tiltekið.
2. Svo hægt sé að fylla út upplýsingar um vörur og landanir þarf að byrja á að vista vottorðið með grunnupplýsingum, fyrr verður seinni hluti kerfisins ekki virkur.

**Vörur**

Tollskrár... Tegund    Nánari lýsing    Vinnsla    Pakkningar    Fjöldi    Nettóþyngd

431    Cod    qwre    Fresh    Pallets    25    500

Tollskrárnúmer	Tegund	Nánari lýsing	Vinnsla	Pakkningar	Fjöldi	Nettóþyngd
431	Cod	qwre	Fresh	Pallets	20	500

**1**

**Landanir**

Tegund    Löndunardagur    Skip nr.    Eldisfiskur



Cod    12-07-2017    2203   


Tegund	Löndunardagur	Skip nr.	Seljandi kt.
Cod	12-07		

**Eyða**

Eyða völdum færslum

**2**

Til að skrá **Vörur** og **Landanir**, þá er fyrri hnappurinn  notaður til að hreinsa innsláttarreiti og undirbúa fyrir nýja línu. Innslegin lína vistast sjálfkrafa þegar ýtt er á **Enter** hnappinn í síðasta innsláttarreit en einnig er hægt að smella á  hnappinn.

1. Undir **Vörur** á myndinni hefur lína verið leiðrétt með því að velja hana og skrá breytinguna (Fjöldi pakkninga á að vera 25 í stað 20), svo þarf að vista breytinguna með því að ýta á **Enter** í síðasta innsláttarreit eða nota  hnappinn.
2. Undir **Landanir** er sýnt hvernig hægt er að eyða línu. Það er gert með því að velja línu(r) og ýta á **Del** hnappinn, eða hægismella og velja **Eyða** valmöguleikann.

Þessir valmöguleikar eru til staðar í báðum töflum.